



# Persónuverndarstefna

## Markmið

Hveragerðisbær leggur áherslu á að öll meðferð persónuupplýsinga sé í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Markmið persónuverndarstefnunnar er að auðvelda íbúum, umsækjendum, beiðendum, starfsmönnum, viðskiptamönnum, gestum, notendum og öðrum að átta sig á hvenær sveitarfélagið vinnur með persónuupplýsingar, hvers vegna, hvað verður um þær og réttindum sem þeir eiga.

## Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar eru allar þær upplýsingar sem hægt er að tengja við tiltekinn einstakling. Hugtakið er túlkað rúmt og ekki er skilyrði að upplýsingar séu merktar nafni eða öðru auðkenni einstaklings til að þær teljist til persónuupplýsinga. Einkum skiptir máli hvort unnt sé að draga ályktun um hver viðkomandi einstaklingur er.

Persónuupplýsingum er skipt í tvo flokka, annars vegar flokk þeirra almennu og hins vegar flokk þeirra viðkvæmu. Sem dæmi um almennar persónuupplýsingar má nefna nafn, netfang, símanúmer og heimilisfang. Viðkvæmar persónuupplýsingar eru til dæmis upplýsingar um heilsufar, stéttarfélagsaðild, stjórnmalaskoðanir, kynlíf, kynhneigð, trúarbrögð og þjóðernislegan uppruna. Sérstaklega ströng skilyrði gilda um meðferð slíkra upplýsinga.

## Hvenær og af hverju vinnur sveitarfélagið með persónuupplýsingar?

### *Umsóknir*

Einstaklingar geta sent inn umsóknir af ýmsu tagi til sveitarfélagsins. Umsóknir til sveitarfélaga innihalda alla jafna óskir um þjónustu, aðstoð, styrk, stuðning, afslátt eða leyfi fyrir tiltekinni aðgerð. Sveitarfélagið vinnur þá með persónuupplýsingar í þeim tilgangi að leggja mat á og taka ákvörðun um rétt umsækjanda.

### *Þjónustugjöld*

Hveragerðisbær hefur í sumum tilfellum heimild samkvæmt lögum til að ákveða og innheimta gjald fyrir þjónustu sem það veitir íbúum sveitarfélagsins. Þegar þjónusta hefur verið veitt er sveitarfélaginu nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar í þeim tilgangi að innheimta gjald í samræmi við gjaldskrá sveitarfélagsins.



### ***Fasteignagjöld***

Í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga er kveðið á um skyldu þeirra til að leggja á fasteignagjöld og innan þess ramma sem í lögnum greinir. Þegar fasteignagjöld eru ákveðin og innheimt vinnur sveitarfélagið með persónuupplýsingar annars vegar þeim í tilgangi að uppfylla lagaskyldu og hins vegar beita því opinbera valdi sem það fer með.

### ***Eftirlitshlutverk***

Í ýmsum lögum er kveðið á um eftirlitshlutverk sveitarfélaga og úrræði sem þau hafa heimild til að beita við tilteknar aðstæður, til dæmis barnaverndarlögum nr. 80/2002, skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um mannvirki nr. 160/2010. Þegar sveitarfélagið sinnir eftirlitshlutverki fer vinnsla persónuupplýsinga fram í þeim tilgangi að uppfylla lagaskyldu og beita því opinbera valdi sem það fer með.

### ***Aðgangsbeiðnir***

Í lögum er kveðið á um rétt einstaklinga og almennings til aðgangs að gögnum, sbr. stjórnarsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þegar beiðni um aðgang að gögnum berst sveitarfélaginu vinnur það með persónuupplýsingar í þeim tilgangi að leggja mat á og taka ákvörðun um rétt beiðanda.

### ***Fundargerðir***

Málefni sveitarfélagsins eru tekin fyrir á fundum og fundargerðir birtar þar sem almennar upplýsingar um einstaklinga kunna að koma fram. Tilgangur þess er að auka gagnsæi í starfsemi í sveitarfélagsins og auka traust almennings á henni.

### ***Starfsumsóknir***

Þegar einstaklingur sendir inn starfsumsókn vinnur sveitarfélagið með persónuupplýsingar í þeim tilgangi að leggja mat á umsóknina með tilliti til þess starfs sem sótt er um.

### ***Starfstímabilið***

Á meðan starfsmaður starfar hjá sveitarfélaginu vinnur það persónuupplýsingar í margvíslegum tilgangi, svo sem í þeim tilgangi að skipuleggja starfið, standa við ráðningarsamning og uppfylla skyldur gagnvart starfsmanni lögum samkvæmt.

### ***Viðskiptasamband***

Hveragerðisbær á í viðskiptasambandi við ýmsa aðila, svo sem þá sem selja sveitarfélaginu sérfræðiþjónustu, úthluta búnaði eða taka að sér ákveðin verk.



HVERAGERÐISBÆR

Sveitarfélagið verður þá að vinna persónuupplýsingar í þeim tilgangi að láta viðskiptasambandið ganga upp.

### ***Rafræn vöktun***

Í sveitarfélaginu má finna eftirlitsmyndavélar sem settar eru upp í þeim tilgangi að tryggja öryggi manna og muna.

### ***Heimasíða***

Vefkökur er litlar textaskrár sem geymdar eru á tölvu notanda eða öðru snjalltæki. Vefsíða sveitarfélagsins notar vefkökur sem nauðsynlegar eru fyrir virkni síðunnar.

## **Á hvaða lagagrundvelli meðhöndlar sveitarfélagið persónuupplýsingar?**

*Lagaskylda og beiting opinbers valds (3. og 5. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga)*

Sveitarfélagið vinnur fyrst og fremst með upplýsingar um íbúa, umsækjendur og beiðendur til að uppfylla lagaskyldu og beita því opinbera valdi sem það fer með lögum samkvæmt.

*Ráðstafanir áður en samningur er gerður / Skyldur á grundvelli ráðningarsambands (2. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga)*

Sveitarfélagið vinnur með upplýsingar umsækjanda um starf til að gera ráðstafanir að beiðni hans áður en samningur gerður.

Sveitarfélagið vinnur upplýsingar um starfsmenn til að standa við skyldur samkvæmt ráðningarsamningi, og eftir atvikum, til að virða þær skyldur sem gilda um ráðningarsambandið lögum samkvæmt.

*Lögmætir hagsmunir (6. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga)*

Sveitarfélagið vinnur upplýsingar um viðskiptamenn á grundvelli lögmætra hagsmuna sem fólgnir eru í að tryggja öruggan og skilvirkan rekstur þess.

Rafræn vöktun fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna sem fólgnir eru í að tryggja öryggi manna og muna.

Notkun á nauðsynlegum vefkökum fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna sem fólgnir eru í að tryggja eðlilega virkni heimasíðu.



HVERAGERÐISBÆR

*Félagsleg vernd / Meðferð á sviði félagsþjónustu (2. og 8. tölul. 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaga)*

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga fer fram á grundvelli þess að sveitarfélagið geti staðið við skuldbindingar sínar og hinn skráði nýtt sér réttindi samkvæmt löggjöf um félagslega vernd. Jafnframt fer hún fram til að unnt sé að veita umönnun eða meðferð á sviði félagsþjónustu.

## **Varðveisla persónuupplýsinga**

Sveitarfélög eru skilaskyldir aðilar samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Af því leiðir að sveitarfélaginu er óheimilt að eyða skjölum og öðrum gögnum nema að ströngum skilyrðum uppfylltum. Í skilaskyldu felst einnig að skjölum og gögnum skuli eftir ákveðinn tíma skilað til Héraðsskjalasafns Árnesinga þar sem þau eru geymd til frambúðar.

Myndefni úr eftirlitsmyndavélum er varðveitt að hámarki í 30 daga.

## **Öryggi persónuupplýsinga**

Hveragerðisbær hefur gert öryggisráðstafanir varðandi tæknimál og skipulag í þeim tilgangi að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga. Aðgangi er stýrt að skjölum, kerfum og húsnæði sveitarfélagsins. Starfsmenn fá jafnframt þjálfun og fræðslu um hvernig gæta skuli að persónuvernd og öryggi persónuupplýsinga. Öryggisráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær breytist, glatist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi.

## **Aðgangur þriðja aðila**

Hveragerðisbær notar upplýsingatæknikerfi sem auðvelda skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga. Þjónustuaðilar kunna að hafa aðgang að upplýsingum ef það er nauðsynlegt vegna þjónustu þeirra við kerfin. Trúnaðarsamkomulag er gert sem kveður á um skyldu viðkomandi til að gæta fyllsta trúnaðar, tryggja öryggi og fara eingöngu með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli sveitarfélagsins.

Upplýsingum kann að vera miðlað til þriðja aðila ef skylda stendur til þess samkvæmt lögum. Hveragerðisbæ ber til dæmis skylda að afhenda Héraðsskjalasafni Árnesinga skjöl og önnur gögn á grundvelli fyrrnefndra laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

Þegar við á, til dæmis þegar skemmdarverk eru unnin á eignum sveitarfélagsins, er myndefni úr eftirlitsmyndavélum afhent lögreglu.



## Réttindi einstaklinga

Einstaklingar eiga tiltekin réttindi samkvæmt persónuverndarlögum, svo sem rétt á að afturkalla samþykki, fá aðgang að gögnum, fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, persónuupplýsingum verði eytt, hindra að unnið verði með persónuupplýsingar, andmæla og flytja eigin gögn. Þessi réttindi eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ákveðnum skilyrðum.

## Persónuverndarfulltrúi

Hlutverk persónuverndarfulltrúa er að upplýsa sveitarfélagið og starfsmenn þess um skyldur samkvæmt persónuverndarlögum, sinna þjálfun starfsfólks, framkvæma úttektir, veita ráðgjöf og vera til staðar komi upp álitafni á sviði persónuverndar. Persónuverndarfulltrúi tekur jafnframt á móti fyrirspurnum og beiðnum frá einstaklingum sem verið er að vinna með upplýsingar um. Þá skal persónuverndarfulltrúinn vera tengiliður við Persónuvernd og vinna með henni, sem og fylgjast með því að farið sé að persónuverndarlögum. Persónuverndarfulltrúi sveitarfélagsins er Karl Hrannar Sigurðsson.

Hægt er að hafa samband við Karl Hrannar með því að senda erindi á netfangið [personuvernd@hveragerdi.is](mailto:personuvernd@hveragerdi.is).

## Eftirlitsaðili

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga um persónuvernd, reglugerða og sérákvæða í lögum sem fjalla um vinnslu persónuupplýsinga. Sérhver skráður einstaklingur eða fulltrúi hans hefur rétt til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef hann telur að vinnsla persónuupplýsinga um hann brjóti í bága við lög eða reglugerð. Persónuvernd úrskurðar um hvort brot hafi átt sér stað. Frekari upplýsingar um Persónuvernd má finna á vef stofnunarinnar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

## Ábyrgðaraðili

Hveragerðisbær telst ábyrgðaraðili að vinnslu þeirra persónuupplýsinga um einstaklinga sem persónuverndarstefna þessi nær til.

*Samskiptaupplýsingar:*

- Hveragerðisbær, kt. 650169-4849
- Breiðumörk 20, 810 Hveragerði
- Sími: 483 400
- Netfang: [mottaka@hveragerdi.is](mailto:mottaka@hveragerdi.is)



HVERAGERÐISBÆR

## Endurskoðun

Persónuverndarstefna þessi getur frá einum tíma til annars tekið breytingum í samræmi við breytingar sem verða á viðeigandi lögum eða ef breytingar verða á því hvernig Hveragerðisbær vinnur með persónuupplýsingar.

Persónuverndarstefna Hveragerðisbæjar var samþykkt á fundi bæjarstjórnar  
Hveragerðisbæjar 14. október 2021.